



Alþingi
Erindi nr. P /33/582
komudagur 1. 12. 2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2006

0612422SA ÞS
Tilv.: 01

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vörugjöld, virðisaukaskatt o.fl., þskj. 482–416. mál

Þann 29. nóvember sl. var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987 um vörugjöld, lögum nr. 50/1998 um virðisaukaskatt og lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki með síðari breytingum.

Samband íslenskra sveitarfélaga gagnrýnir harðlega að frumvarpinu fylgdi ekki kostnaðarmat með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga eins og ber að gera, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga dags. 30. desember 2005.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu kemur fram að áætluð lækkun tekna ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum frumvarpsins nemi 8.675 m.kr. á árinu 2007 og 10.500 m.kr. á árinu 2008.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er megin tekjustofn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga framlag ríkissjóðs er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Verði áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga þau ein að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs lækki í samræmi við það sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins skerðast tekjur jöfnunarsjóðs því um 186 m.kr. á árinu 2007 og um 223 m.kr. á árinu 2008 verði frumvarpið lögfest.

Umræddar skerðingar koma til viðbótar 258,6 m.kr. skerðingu á tekjum jöfnunarsjóðs ef frumvarp til laga um lækkun tekjuskatts o.fl., 276. mál, verður samþykkt. Verði bæði umrædd frumvörp að lögum nemur skerðing á tekjum jöfnunarsjóðs því árlega 481,6 m.kr. þegar áhrif þeirra verða að fullu komin fram á árinu 2008.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir kröfu til þess að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði bætt sú tekjuskerðing.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri